

Nd. 385. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsg. 5. gr. komi orðið: Saksóknari ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsg. 8. gr. bætist nýr liður, sem verður 6. töluliður: 6. Saksóknari og fulltrúar hans.

3. gr.

Orðin „sækjanda og“ í 13. gr. falli niður. Í stað orðsins „áfrýjun“ í sömu gr. komi orðin: afgreiðslu dómsgerða.

4. gr.

Í stað orðanna „Sakadómari í Reykjavík“ í 4. málsg. 18. gr. komi orðið: Saksóknari.

5. gr.

20. gr. orðist svo:

Forseti skipar embættismann, er nefnist saksóknari ríkisins og fer með ákærvald. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttar-dómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar fulltrúa með lögfræðiprófi til aðstoðar saksóknara. Saksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Hann fyrirskipar höfðun opinberra mála, sbr. þó 112.—114. gr., kveður á um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Forseti getur sett saksóknara almenn eða sérstök fyrirmæli um framkvæmd starfa hans. Slík fyrirmæli skulu borin upp í ríkisráði samkvæmt ákvæðum 2. málsg. 16. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur krafði saksóknara skýrslu um einstök mál.

7. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar saksóknari er svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, og skipar hann þá annan löghæfan mann sbr. 1. málsg. 20. gr. til meðferðar þess máls. Sama gildir, ef saksóknari hefur lögmet forföll.

8. gr.

23. gr. orðist svo:

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákærvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, unz dómur er upp kveðinn í héraði.

9. gr.

24. gr. breytist svo:

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsg. komi orðið: saksóknara.
2. Á eftir fyrsta málslið 1. málsg. komi nýr málsliður svohljóðandi: Saksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður.

10. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 3. málsg. 25. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsg. komi orðið: saksóknari.

11. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 27. gr. komi orðið: saksóknara.

12. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsg. 28. gr. komi orðið: saksóknari.

13. gr.

1. Fyrsta málsg. 29. gr. orðist svo:

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyrirmæla saksóknara.

2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 2. málsg. 29. gr. komi orðið: Saksóknari.

3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsg. komi orðið: saksóknara.

14. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 30. gr. komi orðið: saksóknari.

15. gr.

3. málsg. 32. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum saksóknara, sakadómarara og lögreglustjóra í Reykjavík.

16. gr.

Fyrri málsliður 2. málsg. 33. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, sakadómarara og lögreglustjóra í Reykjavík.

17. gr.

Síðari málsliður 1. málsg. 42. gr. orðist svo: Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

18. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsg. 73. gr. komi orðið: saksóknari.

19. gr.

74. gr. orðist svo:

Dómari getur borið undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá saksóknari ákvörðun um það atriði. Saksóknari getur og af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa saksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákærvaldið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu saksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafist í málum, er greinir í 3. og 4. málsg. 21. gr.

20. gr.

1. Fyrsta málsg. 79. gr. orðist svo:

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opin-

berra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi hafa þá afstöðu til máls eða aðilja, sem geri dómara óhæfan til að fara með málið.

2. Þriðja málsgr. 79. gr. falli niður.

21. gr.

84. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmönnum og héraðsdómslögmönnum, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál hvar sem er á landinu. Nú reynist sækjandi óhæfur að álitum dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraskylda hverjum heilum, lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar þá dómari annan löghæfan mann í hans stað.

22. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 87. gr. orðist svo:

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun.

23. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 112. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fimmta málslið 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

24. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. 113. gr. komi orðið: saksóknara.

25. gr.

Í stað orðanna „22. gr.“ í lok 1. málsgr. 114. gr. komi: 2. málsgr. 21. gr.

26. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. 115. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

27. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 118. gr. komi orðið: saksóknari.

28. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 124. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

29. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 129. gr. komi orðið: saksóknari.

30. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 1. málsg. 130. gr. komi orðið: saksóknara, og í stað orðanna „22. gr.“ í sama tölulið komi: 2. málsg. 21. gr.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

31. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrra málslið 131. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Síðari málsliður sömu gr. orðist svo: Saksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

32. gr.

1. málsg. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsg. 87. gr. Saksóknari sækir mál í héraði og fyrir Hæstarétti svo og fulltrúi hans í héraði án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málsóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

33. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. tölulið 154. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. tölulið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

34. gr.

159. gr. orðist svo:

Ef sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði.

35. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 171. gr. komi orðið: Saksóknari.

36. gr.

Þriðji málsliður 2. málsg. 174. gr. orðist svo:

Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum svo og þeim öðrum, er kærán varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.).

37. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsg. 175. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í upphafi 2. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. tölulið sömu málsg. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

38. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsg. 177. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsg. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

39. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
6. Síðasti málsliður sömu málsgr. orðist svo: Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst saksóknara.

40. gr.

1. Í stað orðsins „Sækjandi“ í fyrra málslið 180. gr. komi orðið: Saksóknari.
2. Í stað orðsins „sækjanda“ í síðari málslið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

41. gr.

1. Í stað orðsins „sækjandi“ í fyrsta málslið 181. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „sækjandi“ í þriðja málslið sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Aftan við 181. gr. komi tvær nýjar málsgr. svohljóðandi:

Saksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti án sérstaks endurgjalds, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hingað til hafa hvílt á sækjanda fyrir þeim dómi og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

Nú er saksóknari settur samkvæmt 22. gr., og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

42. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 182. gr. komi orðið: saksóknara.

43. gr.

Í stað orðsins „sækjandi“ í 184. gr. komi orðið: saksóknari.

44. gr.

1. Í stað „200—2000 krónur“ í 1. málslið 1. málsgr. 186. gr. komi: 200—5000 krónur.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „Sækjanda“ í fyrra málslið 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknara.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

45. gr.

1. Í stað orðsins „sækjandi“ í 187. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað „200—2000 króna sekt“ í sömu gr. komi: 200—5000 króna sekt.

46. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 188. gr. komi orðið: saksóknara

47. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 191. gr. komi orðið: saksóknara.

48. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: saksóknara.

49. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Saksóknari.

50. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 195. gr. komi orðið: saksóknari.

51. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 198. gr. komi orðið: saksóknara.

52. gr.

200 gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laganna um saksóknara ríkisins og störf hans koma til framkvæmdar 1. janúar 1960.

Lögmæti aðgerða, sem fram hafa farið fyrir þann tíma, skal meta eftir eldri lögum, en aðgerðir, sem síðar fara fram, lúta ákvæðum þessara laga.

53. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 201. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Aftan við 201. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Dómsmálaráðuneyti afhendir saksóknara, þegar lög þessi koma til framkvæmda, þau skjöl opinberra mála, sem þar eru og embætti hans varða.

54. gr.

Á eftir 202. gr. komi ný grein (203. gr.) svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af gildistöku laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála leiddi mikla réttarþót á þessu sviði löggjafar. Um tvennt hefur samt þótt nokkuð á skorta, að æskilegt réttaröryggi sé fengið, þ. e. 1) að sami dómari eða hliðsettur fer enn bæði með rannsóknarvald og dómsvald í opinberum málum í héraði og 2) að dómsmálaráðherra hefur almennt með höndum ákærvald í málum þessum, og hefur þar með að jafnaði æðsta ákvörðunarvald um rannsókn, höfðun og áfrýjun þessara mála. Að því er snertir fyrri atriðið, er á það bent, að með þessari skipan sé héraðsdómari oft að dæma um eigin gerðir, þar sem hann leggur dóm á þau sönnunargögn, sem hann hefur sjálfur aflað, auk þess sem nokkur hætta sé á, að afstaða hans sem dómara verði ekki eins hlutlaus og æskilegt sé, eftir að hann sem rannsóknardómari hafi a. m. k. á stundum átt í margs konar brösum við sakborning. Og víst sé um það, að hýsna auðvelt sé að skapa tortryggni gagnvart dómara á þessu sviði. Að því er síðara atriðið varðar, er því haldið fram, að almenningi sé skapað meira réttaröryggi um meðferð þessa valds, ef „ópólitískur“ embættismaður fari með það, í stað þess, eins og nú er, að sá, er gegnir embætti dómsmálaráðherra, langan tíma eða stuttan, löglærður eða ekki, hafi með höndum meðferð þessa mikilvæga valds. Einnig er á það bent, að meiri líkur séu fyrir fullnægjandi málssókn í opinberum málum fyrir Hæstarétti, ef sami sérfróði maður, saksóknari, er fylgzt hafi með málum frá upphafi, sæki mál þessi þar.

Tillögur um breytingar í þessum efnum hafa áður verið lagðar fyrir Alþingi, en hafa eigi náð fram að ganga, þar sem talið var, að breytingarnar mundu hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir rikissjóð. Málið hefur þó nýlega verið tekið til umræðu í Lögfræðingafélagi Íslands, og hefur stjórn þess síðan látið frá sér fara áskorun um, að hafizt yrði handa um breytingar í þessum efnum.

Í hinu upphaflega frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþingi 1948, var gert ráð fyrir frekari aðgreiningu en nú er milli rannsóknarvalds og dómssvalds í opinberum málum. Enginn mun hafa mælt gegn því, að slík greining, og það jafnvel enn róttækari, væri æskileg, en kostnaðar vegna þótti þá eigi fært að taka upp þá skipan. Voru því numin hurt úr frumvarpinu ákvæði þau, er að þessu lutu. Því miður munu enn og af sömu ástæðum og fyrir ekki vera tók á að koma meðferð opinberra mála í framangreint horf.

Nokkuð öðru máli er að gegna um nýja skipan á meðferð almenns ákærvalds. Þótt sú skipan, sem ráðgerð er í frumvarpi þessu, yrði lögfest, er þess ekki að vænta, að um mjög aukinn kostnað umfram það, sem nú er, verði að tefla. Kemur það hvort tveggja til, að starfsmenn, sem nú vinna að þessum málum í dómsmálaráðuneytinu, mundu væntanlega hverfa til starfa hjá saksóknara rikisins og svo, að saksóknari mun án sérstaks endurgjalds sækja öll opinber mál fyrir Hæstarétti, og mundu þá að mestu sparast þær greiðslur til sækjenda þar, sem nú eru inntar af hendi. Ætlast er til, að sakfelldir menn verði með sama hætti og nú dæmdir til að greiða kostnað af málssókn, og renna þær fjárhæðir í rikissjóð, þegar saksóknari eða fulltrúi hans sækja mál. Þess má geta, að síðastliðin 5 ár hafa til jafnaðar verið greiddar árlega um 100 þús. kr. í málssóknarlaun vegna opinberra mála í Hæstarétti.

Og þar sem fallast má á rökin fyrir því, að mikil réttarbót muni verða að stofnun sérstaks embættis saksóknara, er frumvarp þetta borið fram. Einnig má á það benda, að þar sem gert er ráð fyrir, að saksóknari fylgist með rannsókn opinberra mála og geti gefið fyrirmæli um framkvæmd hennar, sbr. 19. gr. frumvarpsins, er og að nokkru stuðlað að því aukna réttaröryggi um rannsókn, sem alger greining rannsóknarvalds og dómssvalds á að tryggja.

Þær tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um skipun sérstaks saksóknara rikisins, hafa verið bornar fram í formi frumvarpa til venjulegra laga. Af hálfu þeirra, sem hreyft hafa máli þessu, hefur verið lögð sérstök áherzla á, að þessi nýgi embættismaður yrði sjálfstæður, óháður handhafi þessa mikilvæga valds. Hins vegar er þess að geta, að ekki verður komið á í formi venjulegra laga stofnun slíks nýs, algerlega sjálfstæðs, stjórnvalds. Slíkt mundi ekki samrýmast þeirri skipan um skiptingu rikisvalds, sem stjórnarskráin byggir á, heldur mundi raunverulega vera um að ræða stofnun nýs stjórnvalds, sem ekki yrði stofnað til, nema með breytingu á stjórnarskránni. Þær þjóðir, svo sem Finnar og Svíar, sem hafa saksóknara rikisins óháðan ráðherravaldi, hafa og ákvæði um slíka skipan mála í stjórnarskrám sínum, sbr. 37. og 46. gr. finnsku stjórnarskrárinnar og 27. gr. sænsku stjórnarskrárinnar. Sumar aðrar þjóðir, okkur skyldar um réttarskipan, hafa hins vegar með almennum lögum stigið skrefið skemmra á þessu sviði, en þó að allra áliti til aukins öryggis um þessi mál. Svo er t. d. um Dani og Norðmenn. Þeir hafa, að nokkru eftir fyrirmyndum úr frönskum og þýzkum rétti, lögfest sérstaka embættisstofnun til meðferðar ákærvalds, þar sem dómsmálaráðherra er þó stjórnskipulega æðsti aðili. Með þessari skipan er og tvímælaust tryggt samræmdari og öruggari meðferð þessa valds og að sjálfsögðu í mun rikari mæli en við eigum nú við að búa. Á það má einnig benda, að nokkur hætta getur verið samfara því að hafa meðferð þessa mikilsvæga valds undantekningalaust í höndum eins einasta manns.

Að öllu þessu athuguðu er því í frumvarpi þessu gerð tillaga um stofnun nýs embættis saksóknara rikisins, sem í reynd mun að jafnaði (sbr. þó 112.—114. gr. laga nr. 27/1951 og 3. málgr. 5. gr. frv.) fara með ákærvaldið í öllum myndum

Þess. Stjórnskipulega séð verður dómsmálaráðherra þó enn æðsti handhafi þessa valds, en sú er reynslan annars staðar og verður væntanlega einnig hér, að ráðherra skiptir sér ekki af málum þessum, nema sérstaklega standi á. Og til að reyna að tryggja enn frekar, að ráðherra misnoti ekki þetta vald sitt, hafa í 4. málsgr. 6. gr. frumvarpsins verið sett ákvæði um, að ráðherra þurfi að bera upp slík fyrirmæli í ríkisráði svo sem gert er í Noregi, eða m. ö. o. að slíkar aðgerðir skuli teljast „mikilvægar stjórnarráðstafanir“ í skilningi 16. gr. stjórnarskrárinnar, en talið er, að með almennum lögum megi kveða svo á, að um tiltekin málefni skuli fara með þeim hætti, sbr. t. d. Frede Castberg: Norges Statsforfatning I, bls. 243.

Rétt þykir, að nefndar tillögur um nýskipan á þessu sviði séu bornar fram sem frumvarp til breytinga á núgildandi lögum um meðferð opinberra mála. Nokkrum ákvæðum annarra laga þarf einnig að breyta í samræmi við þessa nýskipan, og verða borin fram sérstök frumvörp af því tilefni.

Flestar af gr. frumvarps þessa, sem hafa að geyma ákvæði um, að saksóknari taki við ýmsum störfum, sem dómsmálaráðherra eru falin með núgildandi lögum, þurfa ekki nánari skýringar. Um aðrar gr. frumvarpsins er þessa að geta umfram það, sem áður er sagt:

Um 4. gr.

Eðlilegast er, að í skrifstofu saksóknara sé haldin og geymd sakaskrá sú fyrir land allt, sem fyrirskipuð er í 4. málsgr. 18. gr. laga nr. 27/1951. Skrifstofu hans ber og að annast útgáfu sakavottorða.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að saksóknari njóti sömu launakjara og hæstaréttardómarar, enda er hér um mjög mikilvægt starf að tefla. Einnig er til þess ætlast, að hann njóti annarra lögkjara hæstaréttardómara, að því leyti sem slíkt verður ákveðið í almennum lögum. Um frávikningu saksóknara úr embætti gilda þannig sömu reglur og um þá, sbr. 61. gr. og 5. málsgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar, en hins vegar taka ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um aldurshámark hæstaréttardómara (61. gr. stjórnarskrár) og bann við kjörgengi þeirra (2. málsgr. 34. gr. stjórnarskrár) til saksóknara. Óneitanlega væri þó æskilegt, að síðasttalda ákvæðið tæki og til saksóknara, en því verður ekki við komið án breytinga á ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Um 6. gr.

Í 1. málsgr. er almennt kveðið á um störf saksóknara, og eru þau ákvæði að meginefni í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1951 um slík störf dómsmálaráðherra samkvæmt þeim lögum.

Ákvæði 2. málsgr. eru samsvarandi 22. gr. laga nr. 27/1951.

Í X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru nokkur sérákvæði um afskipti dómsmálaráðherra af tilteknum mikilvægum, viðkvæmum málum, er sum geta snert erlend ríki og eðlilegt þykir, að hann einn hafi ákvörðunarvald um, og því eru ákvæði 3. málsgr. sett.

Ákvæði 4. málsgr. eru sett til að stuðla að því, að dómsmálaráðherra gripi ekki fram fyrir hendur á saksóknara, nema sérstakt tilefni sé. Sjá að öðru leyti hinar almennu athugasemdir við frumvarp þetta.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir, að dómsmálaráðherra setji mann í stað saksóknara, ef hann forfallast eða er svo viðriðinn mál eða málsaðilja, að hann mætti eigi dæma í því. Staðgengill hans verður að sjálfsögðu að fullnægja sömu skilyrðum og hinn reglulegi saksóknari til skipunar í embættið.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru samhljóða 21. og 23. gr. laga nr. 27/1951, nema hvað saksóknara eru falin þau störf, sem dómsmálaráðherra fer nú með, þegar svo er ástatt, sem í gr. segir.

Um 9. gr.

Rétt þykir, að saksóknara sé veitt heimild til að gera tillögu til dómsmálaráðherra um, að saksókn verði felld niður.

Um 19. gr.

Ákvæði gr. eru efnislega samhljóða 74. gr. laga nr. 27/1951, en þær breytingar á gerðar, sem nauðsynlegar eru vegna hinnar nýju skipunar.

Um 20. gr.

Hér er sú breyting gerð frá því, sem nú er, að handhafa ákærvalds, saksóknara, er falið að skipa sækjanda í héraði, enda verður að telja, að slíkt sé eðlilegast og í beztu samræmi við þá greiningu milli ákærvalds og dómvalds, sem að er stefnt. Saksóknari eða fulltrúi hans getur þó, ef sérstakt efni þykir til, sótt opinbert mál í héraði.

Um 21. gr.

Rétt þykir að hafa skyldu til að gegna málssóknar- og varnarstörfum í héraði svo víðtæka, sem hér greinir, enda getur borið nauðsyn til, að sérstaklega hæfur málflutningsmaður flytji slíkt mál í héraði, en slíks manns er ef til vill ekki kostur nema á fáum stöðum á landinu.

Um 32. gr.

Hér eru ákvæði um ákvörðun sakarkostnaðar í dómi eða úrskurði opinbers máls. Um þóknun til verjanda svo og til sækjanda í héraði, er saksóknari nefnir, fer eins og nú er. Ef hinn reglulegi saksóknari eða fulltrúi hans sækja opinbert mál, fá þeir enga sérstaka þóknun fyrir málssóknina, en verði ákærða dæmt að greiða sakarkostnað, skal í dómi kveða á um hæfilegan málssóknarkostnað, sem renni í ríkissjóð. Að öðru leyti visast um þetta atriði til hinna almennu athugasemda við frumvarp þetta.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um skyldu saksóknara til að sækja öll opinber mál í Hæstarétti. Þetta starf verður saksóknari sjálfur að inna af hendi, nema svo sé ástatt sem segir í 7. gr. frumvarpsins. Þá skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann í hans stað.

Um 44. og 45. gr.

Þar sem breyta þurfti ákvæðum 186. og 187. gr. laga nr. 27/1951 vegna hins fyrirhugaða saksóknara, þótti um leið rétt að færa refsíákvæði gr. til samræmis við 159. gr. sömu laga.

Um 52. gr.

Rétt þykir, að ætlaður sé nokkur frestur, þar til ákvæði frumvarpsins um saksóknara og störf hans komi til framkvæmdar.